

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um vöktun á samfélagsáhrifum virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra leggja niðurstöður vöktunar og rannsókna á samfélagsáhrifum virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi til grundvallar mati á leyfisveitingum til stóriðjuframkvæmda í öðrum fámennum byggðalögum?
2. Telur ráðherra að vöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar og Hraunaveitu ásamt ganga- og stíflugerð sem tengist þeim, byggingu Fjarðaráls og háspennulínnum til álversins, gefi skýra mynd af langtímaáhrifum þessara framkvæmda á samfélagsþróun á Austurlandi?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir áframhaldandi vöktun og rannsóknum á samfélagsáhrifum virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, svo meta megi langtímaáhrif framkvæmdanna og reksturs álversins á Reyðarfirði?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Frá árinu 2004 hefur verið unnið að rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Að rannsókninni standa iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun, Byggðarannsóknastofnun og Þróunarfélag Austurlands. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hefur einkum annast rannsóknir. Lýkur þessu verkefni á næsta ári þegar rekstur álvers er nýhafinn, en gangsetningu seinkaði frá upphaflegum áætlunum og gagnaöflun miðast við árslok 2008.